

John Stuart Mill. Kenningar hans um frelsið með athugasemdum og túlkunum Þorsteins Gylfasonar, heimspekings.

John Stuart Mill (1806-1873) var enskur heimspekingur, sem m.a. er þekktur fyrir skrif sín um hagfræði, siðferði og frelsi – ekki síst frelsi kvenna. Annar mætur heimspekingur, Þorsteinn Gylfason, hefur þýtt bók hins enska starfsbróður síns, Frelsið, sem gefin var út af Hinu íslenska bókmenntafélagi í Rvk. 1970. Þýðandi ritar forspjall og skýringar. Bókin kom út í Englandi 1959. Hér er leitast við að koma hugsunum beggja til skila með beinum tilvitnunum.

Forspjall Þorsteins Gylfasonar: „Í einu höfuðriti Friedrichs Nietzsche, Handan góðs og ills, segir að John Stuart Mill sé fífl. Að vísu var það einkum eldlegur áhugi Mills á jafnrétti karla og kvenna sem Nietzsche hafði til marks um fíflsku hans, sú blindi hans að koma ekki auga á þýlyndi konunnar og sjást yfir það hyldýpi haturs og fyrirlitningar sem hlyti og ætti að marka samskipti kynjanna.“

„[...] svo dýrleg væri hjarðhvöt [nytjastefnumanna] að í stað ágirndar, haturs og öfundar tryðu þeir á „velferð almennings,“ en þá hugsjón, ef hugsjón skyldi kalla, telur Nietzsche botnleysu og líkir henni við uppsölulyf.“ (Bl. 9.)

„Sókrates taldi siðfræði æðsta allra fræða þar sem markmið hennar væri fagurt og flekklaust mannlíf. Og allt frá hans dögum hefur siðfræðin verið viðfangsefni hinna mestu hugsuða og fjallað um eitt og sama efni sem er réttlætning mannlífs siðferðis. Þar (s.24) með fjallar hún um vanda á borð við þann hvort allt siðferði eigi að lúta eða geti lotið almenningsheill og engu öðru, hver sem skilgreining þeirrar heillar yrði, eða hvort réttlæta beri siðaskoðanir með einhverjum öðrum hætti. En þrátt fyrir ýmsan ágreining hefur það verið sannfæring flestra hinna mestu siðfræðinga að sönn siðfræði hljóti að reisa kenningu sína á skynsamlegum rökum. Mill var raunspekingur: hann taldi mannlega reynslu uppsprettu allrar þekkingar.“ (s.25)

„[...] Nietzsche má heita fremstur allra hatursmanna skynsemistrúar á síðustu tímum. Annar slíkur var Jean Jacques Rousseau (1712-1778)...“ (Bl. 25.)

Bókin: „Bók þessa helga ég hjartfólginni og harmþrunginni minningu ástvinu minnar og eiginkonu, sem var frumkvöðull og stundum höfundur alls hins bezta í ritum mínum. Ást hennar á sannleikanum og réttlætinu hvatti mig mest til verka, og lofsyrði hennar voru þau laun, sem mér þótti mestu um vert. Eins og allt, sem ég hef skrifað í ótalmörg ár, er þessi bók ekki síður hennar verk en mitt. En bókin geldur þess mjög, að konu minni auðnaðist ekki að endurskoða hana nema að litlu leyti. Hún hafði geymst sér að hyggja betur að ýmsum mikilvægustu atriðum bókarinnar. Nú er allt um seinan. Næstum óviðjafnanlegra gáfna hennar nýtur ekki lengur við mér til örvunar og aðstoðar. Ef ég aðeins gæti túlkað heiminum helming þeirra háleitu hugsana og göfugu tilfinninga, sem með henni lögðust í gröfina, þá ynni ég honum meira gagn en með nokkru því, sem ég skrifaði sjálfur, einn og óstuddur.“

„Sú „þjóð“, sem fer með valdið, er ekki ætíð sama þjóðin og fyrir því verður. Og „sjálfræðið“, sem um er talað, er ekki í því fólgid, að hve einstaklingur sé sjálfráður, heldur að hver og einn lúti öllum hinum. Ennfremur merkir „þjóðarvilji“, þegar til kastanna kemur, einungis vilja fjölmennast eða ötulasta hluta þjóðarinnar. Þjóðarvilji er vilji meirihlutans eða þeirra manna, sem tekizt hefur að verða viðurkenndur meirihluti.“ (s. 37)

„Þjóðfélagið reynir án viðlagðra refsinga að þröngva hugmyndum sínum og háttum að þeim, sem eru ekki sama sinnis. Það reynir að hefta þroska þeirra einstaklinga, sem semja sig ekki

að háttum þess. Það reynir eftir megni að hindra, að slíkir einstaklingar komi fram. Það steypir alla í sama mót.“ (s. 38)

„Satt að segja er engin frumregla viðurkennd, sem sker úr um, hvenær ríkisvaldið hefur rétt til íhlutunar og hvenær ekki.“ (s. 44)

„...því aðeins er öllu mannkyni, einum manni eða fleirum, heimilt að skerða athafnafrelsi einstaklingsins, að um sjálfsvörn sé að ræða.....Heill og hamingja einstaklingsins sjálfs til líkama og sálar er ekki næg ástæða til frelsisskerðingar.“ (s. 45)

„Nauðung réttlætist af því einu, að verknaður sá, sem komið er í veg fyrir, sé öðrum til tjóns. Maður ber einungis ábyrgð gagnvart samfélaginu á þeim athöfnum sínum, sem aðra varða. Hann hefur óskorað frelsi til allra gerða, sem varða hann sjálfan einan. Hver maður hefur fullt vald yfir sjálfum sér, líkama sínum og sál.“ (s. 45) Ef til vill er ástæðulaust að taka fram, að þessi regla á aðeins við um fólk, sem náð hefur fullum andlegum þroska.“ (s. 45)

„Ég tel nytsemina grundvöll alls siðferðis, hinn endalega mælikvarða góðs og ills. En þar á ég við nytsemi í víðustu merkingu, grundvallaða á varanlegum hagsmunum mannsins á þroskabraut hans.“

„Hér er þá hinn rétti vettvangur mannlegs frelsis. Hann tekur í fyrsta lagi til hins innra valdsviðs samvirkunnar og krefst samvirkufrelsis í víðasta skilningi, frelsis til að hugsa og finna til, óskoraðs skoðanafrelsis í hverju einasta efni, hagnýtu eða heimspekilegu, vísindalegu, siðferðilegu eða guðfræðilegu.“

Í öðru lagi krefst frumreglan frelsis um vild og viðleitni, frelsi handa hverjum manni til að lifa lífinu í samræmi við skapgerð sína, til að breyta eftir vild og taka afleiðingum af því hindrunarlaust af annarra hálfu, svo fremi hann valdi þeim ekki tjóni. Engu skiptir, þótt öðrum kunni að virðast framferði okkar heimskulegt, spillt eða rangt.....

Í þriðja lagi og með sama fyrirvara rétt manna til að bindast félagsskap, frelsi til að sameinast um eitthvert markmið, sem er öðrum mönnum meinlaust. Gert er ráð fyrir, að um fulltíða fólk sé að ræða og hvorki beitt þvingunum né svikum.“ (s. 49)

„Mannkynið verður naumast of oft á það minnt, að uppi var maður, sem hét Sókrates, og kom til alvarlegra átaka milli hans og yfirvalda og almennings.....teljum hann foringja og fyrirmynd allra siðspekinga fyrr og síðar, uppsprettulind háleitrar andagiftar Platóns og víðsýnnar nytjastefnu Aristótelesar....tveggja fremstu frumkvöðla siðfræði og allrar annarrar (s. 65) heimspeki.....landsmenn þessa manns tóku hann af lífi að dómi og lögum fyrir guðleysi og siðleysi....ákærandinn hélt því raunar fram, að hann tryði ekki á neina guði....Siðleysi vegna þess, að hann afvegaleiddi æskulýðinn með kenningu sinni og kennslu.“ (s.66)

„.....harmleiksins, sem fram fór á Golgata fyrir rúmum átján öldum. Þar var sá maður, sem þeir, er urðu vitni að orðum hans og gerðum, minntust fyrir því líka siðferðilega yfirburði....“ (s. 66)

„Við höfum nú séð, að hugsunarfrelsi og málfrelsi eru ófrávíkjanleg skilyrði andlegrar velferðar mannkynsins, en á andlegri velferð þessu byggist öll önnur velferð.“ (s. 106)

„Wilhelm von Humboldt,.....sem bar af öðrum mönnum í stjórnámálum sem vísindum, komst svo að orði: „Tilgangur mannlífsins ákvarðast af eilífum og (s. 113) óhagganlegum rökum skynseminnar, en ekki óljósum duttlungum, og hann er, að hver maður öðlist sem mestan og

fullstan þroska hæfileika sinna.“ Þess vegna hljóti „hver maður að keppa án afláts að því, að sérstakir hæfileikar hans fái að njóta sín og þroskast með sérstökum hætti.....Í þessu skyni er tvennt nauðsynlegt: „frelsi og fjölbreytni.“ Og af þessu tvennu spretta „framtak og fjölhæfni,“ sem verða að einu í „frumleika.“ (s.114)

„Tilfinninganæmi, sem gerir viðbrögð manns snör og fjörleg, er einnig uppspretta hins mesta siðferðisþreks og hinnar ströngustu sjálfsstjórnar. Með því að rækta þessa sálargáfu rækir samfélagið í senn skyldu sína og hagsmuni.“ (s.118)

„Ávallt er þörf fyrir fólk, sem ekki aðeins uppgötvar ný sannindi og áttar sig á, hvenær gömul sannindi falla úr gildi, heldur innleiðir nýja siði.....Sé litið á gervallt mannkyn, eru þeir menn einungis örfáir, sem með fordæmi sínu gætu valdið breytingum til batnaðar á ríkjandi siðum. En þessir fáu menn eru salt jarðar. Án þeirra yrði mannlífið fúapyttur.....Það er satt og rétt, að einungis örsmár minnihluti er gæddur snilligáfu, og svo mun að líkindum ætíð verða. En til að slíkt fólk komi fram, hljótum við að hlúa að þeim jarðvegi, sem það er (s.124) sprottið úr. Snillingur dregur ekki andann nema í frjálsum andrúmslofti.“ (s. 125)

Frumsetningar: „Fyrri setningin er þessi: einstaklingur ber enga ábyrgð gagnvart samfélaginu á þeim athöfnum sínum, sem varða einungis hann sjálfan.“ (s.168)

„Síðari setningin er þessi: einstaklingur ber ábyrgð gagnvart samfélaginu á þeim athöfnum sínum, sem skaða hagsmuni annarra. Fyrir slíkar athafnir má hegna honum að almenningsáliti eða lögum, ef samfélagið telur slíkar hegningar nauðsynlegar sér til verndar.“ (s. 169).....“samfélagið viðurkennir ekki, að vonsviknir keppinautar manns eigi lagalegt eða siðferðilegt tilkall til, að þeim sé hlíft við vonbrigðum sínum.“ (s. 169)

„...engin harðstjórn að þvinga letingja og aðra ónyttunga, sem er sjálfrátt um ónyttungsháttinn, til að rækja lagalegur skyldur sínar við aðra, til dæmis að ala önn fyrir börnum sínum. Slíka menn má jafnvel setja í nauðungarvinnu, ef einskis annars er kostur.“ (s. 174)

„...hvað börnin varðar er ríkinu varnað að rækja skyldur sínar vegna rangra hugmynda manna um frelsi. Ætla mátti, að börn manns væru hluti af honum í eiginlegum skilningi, en ekki óeiginlegum...“ (s. 185)

„...það er siðferðisglæpur að fæða barn í heiminn, án þess að foreldrarnir hafi góða von um, að þeir geti ekki einungis fullnægt líkamlegum þörfum barnsins, heldur einnig veitt því uppfræðslu og andlega þjálfun. Þetta er glæpur gagnvart samfélaginu ekki síður en gagnvart hinu gæfulausa afkvæmi foreldranna. Ef foreldrarnir rækja ekki þessa skyldu, ber ríkinu að rækja hana – á kostnað foreldranna, eftir því sem unnt er.“ (s. 186)

„Ég er því eins andsnúinn og hver annar, að ríkið annist alla menntum þjóðarinnar eða drjúgan hluta hennar.....menntunina: hina brýnu nauðsyn þess, að hún sé sem fjölbreyttust. Almenn ríkismenntun er tilraun til að steypa alla í sama mót og annað ekki. Og mótið, sem steyp er í, fer að geðþótta stjórnarinnar á hverjum tíma....“ (s. 187)

„Embættismennirnir eru sameinaðir í einu kerfi, sem hlýtur að fylgja föstum reglum að miklu leyti eins og öll kerfi. Af þessum sökum hættir embættismönnum ávallt við að verða svefngöngur vanans.“ (s. 198)